

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Hinrik Greipsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Súðavík, 21. febrúar 2017

**Efni: Viðbragð Súðavíkurhrepps vegna kærubréfs dagsett 19. febrúar.**

Vísað er í bréf, dagsett 19. febrúar, undirritað af Halldóri Magnússyni og Birni Elíasi Halldórssyni.

Titill bréfsins er eftirfarandi: Kæra vegna sérreglna Súðavíkurhrepps á reglugerð nr. 605/2015 um úthlutun á byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2015/2016.

**Hér á eftir verður gert grein fyrir afstöðu sveitarfélagsins til kæruatriða bréfsins.**

Fyrst skal nefna að verið er að kæra afgreiðslu sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps á sérreglum um byggðakvóta fyrir fiskveiðíárið 2016/2017, en titill bréfsins vísar til fiskveiðíársins 2015/2016.

Sveitarfélagið gerir hins vegar ráð fyrir að bréfritrarar séu með hugann við fiskveiðíárið 2016/2017 og mun því einblína á þann tímaramma í þessu svari.

**Fullyrt er að sveitarstjórn hafi úthlutað Aurora Seafood 30% af byggðakvóta sveitarfélagsins á 36. fundi sveitarstjórnar, þann 31. janúar 2017. Það er rangt.**

Hið rétta er eftirfarandi, tekið orðrétt úr fundargerð 36. fundar sveitarstjórnar, 10. mál á dagskrá:  
Þá breytist skilgreining á 30% potti í 4 gr. í eftirfarandi:

*30% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla 1. gr. reglugerðarinnar og eru með sérveisþileyfi til sæbjúgnaveiða, með vísan er reglugerð nr. 795 frá árinu 2013.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Óvist er að sæbjúga geti talist sem mótframlag fyrir byggðakvóta. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um undanþágu hjá ráðuneyti vegna þessa, ef sæbjúga reynist ekki vera gjaldgeng.*

*Reynist ekki fær leið að fá þessar reglur samþykktar hjá ráðuneytinu samþykkir sveitarstjórn að óbreyttar reglur sveitarfélagsins frá fyrra fiskveiðíári muni gilda.*

Hins vegar hefur sveitarstjórn verið mjög opinská og unnið gagnsætt að því að opna sæbjúgnavinnslu í Súðavík, með tilheyrandi fjölgun starfa og verðmætaaukningar á svæðinu. Eitt af þeim verkfærum sem sveitarstjórn hefur áhuga á að vinna með til að láta þessar fyrirætlanir ganga upp, er úthlutaður byggðakvóti, sjá samþykktar sérreglur.

Á þessu kjörtímabili 2014 - 2018 hefur sveitarstjórn náð góðum samfélagslegum árangri með úthlutuðum byggðakvóta. Áður var ekki starfandi vinnsla á svæðinu, og byggðakvóti Súðavíkur endaði mest allur á markaði. Með samhentu átaki og vinnu sveitarfélagsins er nú starfandi harðfiskvinnsla á svæðinu, með fimm heilsárs störfum. Harðfiskvinnslan vinnur allan byggðakvóta sveitarfélagsins. Hins vegar hefur ekki náðst að veiða allan úthlutaðan byggðakvóta.

Á síðasta fiskveiðíári voru 42 tonn óveidd, sem fluttust yfir á næsta fiskveiðíári.

Með því að tengja sæbjúgnaverkefni við byggðakvóta, næst að veiða allan byggðakvóta sveitarfélagsins, sem mun í heild skila sér í harðfiskvinnsluna á svæðinu, með framleiðsluaukningu og mögulega fleiri störfum.

**Fullyrt er að mörg erindi hafi borist sveitarféluginu frá félaginu Lífsbjörg ehf. Það er rangt.**

Hið rétta er að sveitarféluginu hefur borist eitt erindi frá Lífsbjörg ehf., dagsett 23. nóvember 2015. Tölvupóstur með eftirfarandi erindi:

*“Fyrir hönd Lífsbjargar ósku við eftir því að í úthlutum byggðakvóta að skipið Finnbjorn ís 68 sk 1636. Að það verði tekið tillit til skip sem burfa að leigja á móti byggðakvóta fá auknar heimildir úr byggðakvóta potti. Værur líka spurning að skoða breyta sér reglu hjá ykkur um að byggðakvóta yrði deildir út eftir veiðireynslu skipa. Það gæti það orðið grundvöllur fyrir því að fara skoða það að opna vinnslu. Kv: Halldór magnusson og Björn Elias Halldórssons”*

Erindið var tekið fyrir í atvinnumálanefnd Súðavíkurhrepps og síðar staðfest af sveitarstjórn. Svarið var póstlagt og sent rafrænt, hangir hér við sem fylgirit.

**Dregið er í efa að afgreiðsla sveitarfélagsins á sérreglum standist vegna vanhæfis oddvita sveitarfélagsins. Af þessu tilefni skal áréttáð.**

Oddviti sveitarfélagsins, Anna Lind Ragnarsdóttir, hefur vikið af öllum sveitarstjórnarfundum þar sem afgreiðsla á sérreglum vegna byggðakvóta hefur verið til umræðu og afgreiðslu. Hins vegar er sá misbrestur á fundargerðum sveitarstjórnar að tvívar hefur gleymst að bóka Önnu Lind út af fundum. Því hefur verið kippt í liðinn, staðfest af allri sveitarstjórn. Það er hins vegar skiljanlegt að menn hafi grunað annað.

Sveitarfélagið biðst afsökunar á þessum misbresti.

**Fullyrt er að sérreglur sveitarstjórnar hafi verið byggðar á veikum grunni undanfarin ár. Því er hafnað.**

Engar hæfisreglur hafa verið brotnar. Hins vegar hefur samfélagsleg virkni byggðakvóta Súðavíkurhrepps aukist umtalsvert, hægt að tala um verulegt átak í þeim efnum, með sérreglum sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps undanfarin ár. Sérreglurnar hafa fengið staðfestingu ráðuneytis og engar kærur hafa borist vegna þeirra, þar til nú.

Óánægja bréfritara lýsir sér best í vonbrigðum yfir eigin uppskeru hvað varðar úthlutun byggðakvóta Súðavíkurhrepps. Um leið og sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur skilning á því

sjónarmiði og þeirri staðreynd að fyrirtæki horfa í eigin hag og uppskeru, þá áréttar sveitarstjórn að hún vinnur í umboði almennings. Þær aðgerðir sem sveitarfélagið vinnur að eru á almennum forsendum og miða að því að hagur sem flestra vænkist við ákvarðanir hennar.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps,



Pétur G. Markan

